



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Heilbrigðisráðuneytið  
b.t. Guðlaugar Einarsdóttur  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík 29. ágúst 2019

1906025SA MIK  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um drög að stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun - mál nr.151-2019**

Vísað er í skýrslu um ofangreint efni sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda þann 24. júní sl.

#### **Almennt um drögin**

Drög þessi fól ráðherra einum manni að vinna, Jóni Snædal, öldrunarlækni. Vissulega hefur hann mikla þekkingu á þessu sviði og fékk álit ýmissa hagaðila en að áliti sambandsins hefði verið mun árangursríkara að fá að borðinu alla sem koma að málefnum einstaklinga með heilabilun, þ.e. fagaðila, hagsmunasamtök, notendur og aðstandendur og vinna stefnuna í samvinnu við þá.

Að mati sambandsins verður að líta á fyrirliggjandi drög sem umræðuskjal og ákveðinn upphafspunkt í gerð stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun. Skýrsluhöfundur leggur fram 17 tillögur til aðgerða og tilgreinir hann ábyrgðaraðila að þessum tillögum en hvergi kemur fram hvernig mæla á árangur þessara tillagna né settur tími hvenær stefnt er að því að ná þessu markmiðum. Ekki er minnst á fjármögnun þessara tillagna né gert mat á kostnaðaráhrifum gagnvart hinu opinbera.

#### **Tillögur skýrsluhöfundar**

Stefnuþingin eru skipt upp í 16 kafla og þar sem það á við eru settar fram tillögur að aðgerðum með tilgreindum ábyrgðaraðilum. Sambandið telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við hvern kafla fyrir sig.

Sambandið leggur fram eftirfarandi athugasemdir:

Sambandið er sammála áherslu skýrsluhöfundar að mikilvægt sé að ráðist verði í gerð gagnagrunns með yfirliti yfir fjölda einstaklinga með heilabilun. Engin talning hefur farið fram á fjölda einstaklinga með heilabilun hvorki hér á landi né erlendis. Notast hefur verið við ýmsar faraldsfræðilegar rannsóknir til að meta fjölda einstaklinga en aðferðir eru mismunandi og gefa ekki skýra mynd. Slíkur gagnagrunnur er forsenda þess að hægt sé að gera raunhæfar áætlanir í þjónustu við einstaklinga með heilabilun.

Að mati sambandsins vantar skýrari sýn á að nýtingu velferðartækni í þágu einstaklinga með heilabilun hjá skýrsluhöfundum. Einnig að það komi betur fram hvaða þjónusta nýtist best miðað við á hvaða stigi heilabilun einstaklings er, þ.e. að veita rétta þjónustu á réttum tíma. Í skýrslunni kemur hvergi fram skýr lýsing á því hvaða þjónustuþættir/stuðningur komi að bestu notum eða þurfi að vera fyrir hendi á hverju stigi og á hvers ábyrgð stuðningur/þjónustan eigi að vera.

Höfuðáhersla skýrsluhöfundar er á mikilvægi þess að breyta lögum svo sveitarfélögin hætti að reyna að koma einstaklingum sem fyrst að á hjúkrunarheimili, þ.e. að þau séu „að spara þjónustuna hjá sér“ og þá fellur kostnaðurinn alfarið á ríkið. Þessi rök skýrsluhöfundar standast ekki skoðun.

Sveitarfélögin ganga út frá í sinni þjónustu að eldri einstaklingar fái stuðning til þess að búa sem lengst á eigin heimili, til að draga úr eftirspurn eftir dýrari úrræðum eins og hjúkrunarheimilum. Í stefnumörkun sambandsins er sérstaklega bent á mikilvægi þess að einstaklingar geti búið sem lengst heima, en til þess að það sé mögulegt þarf að bjóða upp á öflugan stuðning heim, þ.e. stuðningsþjónustu frá sveitarfélögum og heimahjúkrun.

Verkefni heimahjúkrunar eru skilgreind mjög þröngt og þá sérstaklega umönnunarþáttur þjónustunnar. Umönnun sem vel væri hægt að sinna á heimili fólks og sem er á ábyrgð heimahjúkrunar er ekki veitt því sú þjónusta er einungis í boði innan stofnana heilbrigðiskerfisins. Með því að útvíkka umönnunarþátt heimahjúkrunar væri t.d. hægt að koma betur á móts við stuðningsþarfir yngri hjúkrunarsjúklinga og stytta dvöl þeirra á hjúkrunarheimilum. Sveitarfélög hafa einnig merkt að þegar þau auka stuðningsþjónustu inn á heimili þá dregur heimahjúkrun úr sinni þjónustu.

Það er mikilvægt eins og skýrsluhöfundur bendir á að þjónustan sé á einni hendi, sérstaklega fyrir notendur að geta leitað á einn stað. En áður en farið er í slíkar breytingar, sbr. Grábók sambandsins, þarf að skilgreina ábyrgðarsvið ólíkra þjónustuaðila og markmið einstakra úrræða í þjónustu við aldraða áður en kemur að flutningum verkefna frá ríki til sveitarfélaga er varðar þjónustu við heilabilaða. Í stefnumörkun sambandsins 2018-2022 er skýrt kveðið á um að kostnaðarmetnar kröfulýsingar verði að liggja til grundvallar ásamt samningsgerð milli ríkis og sveitarfélaga áður en þjónustuþættir á forræði heilbrigðisyfirvalda verði fluttir til sveitarfélaga.

## Að lokum

Alþjóðaheilbrigðisstofnun hefur hvatt þjóðir heims til að setja sér stefnu í þessum málaflokki og er því mikilvægt að vandað sé til verksins og þess gætt að allir hagaðilar komi að slíkri stefnu, hún sé aðgerðarbundinn og fjármögnuð. Sambandið vonar að þessi drög verði, eins og líst er hér að ofan, notuð sem grunnur fyrir stærri hóp aðila til að vinna að gerð stefnu fyrir málaflokkinn og er tilbúið að taka þátt í þeirri vinnu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



María Ingibjörg Kristjánsdóttir  
félagsþjónustufulltrúi

